



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

SÁLF2HS05

Kennari	Anna Rún Jóhannsdóttir, anna.run.johannsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga 10:25 – 11:05 á kennarastofu.	
Námsefni	Inngangur að sálfræði eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttur. JPV útgáfa, 2008. Fæst í helstu bókabúðum.	
Áfangalýsing	Áfanginn er kynning á sálfræði, nokkrum helstu undirgreinum hennar og aðferðum sálfræðinnar. Undirgreinar sem kynna má eru hugfræði, atferlisfræði, lífeðlisleg sálfræði, persónuleikasálfræði, félagssálfræði, þroskasálfræði, afbrigðisálfræði og tilraunasálfræði. Nemendur skulu kynnast fræðilegum og hagnýtum aðferðum sálfræðinnar; aðferðum við rannsóknir, skrifum og birtingu rannsóknarskýrsla, sálfræðimeðferð og -ráðgjöf og hvernig einstaklingur getur beitt aðferðum sálfræðinnar fyrir sjálfan sig. Setja skal efni og aðferðir í samhengi við nútíma samfélag bæði það sem er að gerast innan sálfræðinnar og sýna hvernig sálfræðin kemur daglegu lífi við.	

Námsmat og vægi námsmatspátta	Missir þú af hlutaprófi þarf að taka það upp á næsta stoðdegi.	
	Ljúka þarf öllum prófum og lokaverkefni til að klára áfanga.	
	Símatsáfangi ☐	Lokaverkefni ☒
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Hlutapróf x4	32%
	Lokaverkefni	20%
	Skilaverkefni	24%
	Tímaverkefni	24%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
---------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Nemendur geta skilað verkefnum eftir auglýstan skiladag en lækka um 1 í einkunn fyrir hvern dag sem skilað er of seint. Kennari áskilur sér rétt til að taka ekki við skilaverkefnum fimm dögum eftir skiladag.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Helstu hugtökum í sálfræði. • Helstu kenningum innan sálfræðinnar. • Helstu undirgreinum sálfræðinnar.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Lesa sálfræðitexta. • Ræða sálfræði. • Beita aðferðafræði sálfræðinnar. • Bera saman hugtök og kenningar.
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Setja sálfræði í samhengi við einkalíf, samfélag og fræðilegt starf. • Tjá sig skipulega í ræðu og riti og taka þátt í umræðum um sálfræði. • Að geta borið kennsl á aðalatriði efnis.	

Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 1 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	4 x 3 klst.	12 klst.
Undirbúningur f. lokaverkefni	12 klst.	12 klst.
Lokaverkefni	2 klst.	2 klst.
Alls		106 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	1. kafli – Hvað er sálfræði?	Tímaverkefni
2. vika 28. ágúst - 1. september	5. kafli – Hugræn sálfræði	Tímaverkefni
3. vika 4. - 8. september	5. kafli – Hugræn sálfræði	Tímaverkefni
4. vika 11. - 15. september	5. kafli – Hugræn sálfræði	Hlutapróf 1 – 8%
5. vika 18. - 22. september	4. kafli – Námssálfræði	Tímaverkefni
6. vika 25. - 29. september	4. kafli – Námssálfræði	Tímaverkefni
7. vika 2. - 6. október	4. kafli – Námssálfræði	Tímaverkefni
8. vika 9. - 13. október	4. kafli – Námssálfræði	Hlutapróf 2 – 8%
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	2. kafli – Þróun greinarinnar	Tímaverkefni
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	2. kafli – Þróun greinarinnar 3. kafli – Ólíkar stefnur	Tímaverkefni
11. vika 30. október - 3. nóvember	3. kafli – Ólíkar stefnur	Hlutapróf 3 – 8%
12. vika 6. - 10. nóvember	6. kafli – Rannsóknir í sálfræði	Tímaverkefni
13. vika 13. - 17. nóvember	6. kafli – Rannsóknir í sálfræði	Tímaverkefni
14. vika 20. - 24. nóvember	7. kafli – Sjálfsmynd og samskipti	Tímaverkefni
15. vika 27. nóvember- 1. desember	7. kafli – Sjálfsmynd og samskipti	Hlutapróf 4 – 8%
16. vika 4. - 7. desember	Upprifjun fyrir lokaverkefni	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna Rún Jóhannsdóttir